

Miðvikudaginn 12. mars 1997.

Nr. 99/1997.

Kaupfélag Króksfjarðar

(Jóhann Þórðarson hrl.)

gegn

Ingrid Ísafold Oddsdóttur

(Ingólfur Hjartarson hrl.)

Kærumál. Innsetningargerð. Aðför.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. febrúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 3. mars sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 12. febrúar 1997, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að fram megi fara innsetningargerð til að veita henni umráð yfir inneign, að fjárhæð 382.742,61 króna, á viðskiptareikningi nr. 988700 hjá sóknaraðila. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að kröfu varnaraðila um fyrrgreinda aðfarargerð verði hafnað og henni gert að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða sér kærumálskostnað.

Eins og þegar verður leitt af framangreindu, beinist krafa varnaraðila um aðfarargerð að því, að henni verði veitt fullnusta á peningakröfu á hendur sóknaraðila, enda er því ekki borið við, að sóknaraðili hafi í vörslum sínum sérgreinda peningaupphæð, sem tilheyri varnaraðila og færa mætti henni í hendur með beinni aðfarargerð samkvæmt 78., sbr. 73. gr. laga nr. 90/1989. Þegar af þessum sökum brestur með öllu skilyrði til að verða við kröfu varnaraðila um aðfarargerð, og verður henni hafnað.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hafnað er kröfu varnaraðila, Ingrid Ísafoldar Oddsdóttur, um, að henni verði með beinni aðfarargerð veitt umráð yfir

inneign á viðskiptareikningi nr. 988700 hjá sóknaraðila, Kaupfélagi Króksfjarðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 12. febrúar 1997.

Ár 1997, miðvikudaginn 12. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. A-75/1996: Ingrid Ísafold Oddsdóttir gegn Kaupfélagi Króksfjarðar, sem tekið var til úrskurðar 20. janúar síðastliðinn að loknum munnlegum málflutningi.

I.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómslögmaður krefst þess í málinu, að inn eign gerðarbeiðanda, Ingrid Ísafoldar Oddsdóttur, kt. 240345-3669, Múla, Kollafirði, Barðastrandarsýslu, að fjárhæð 382.742,61 króna, á viðskiptareikningi hennar nr. 988700 hjá gerðarþola, Kaupfélagi Króksfjarðar, kt. 680169-2849, Króksfjarðarnesi, Barðastrandarsýslu, sem varðveitt sé á starfsstöð gerðarþola, verði tekin með beinni aðfarargerð úr vörslum hans og fengin lögmanninum í hendur. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Jóhann Þórðarson hæstaréttarlögmaður krefst þess, að synjað verði um innsetningarkröfu gerðarbeiðanda og hún úrskurðuð til greiðslu málskostnaðar.

II.

Gerðarbeiðandi lýsir málsatvikum svo, að hún og eiginmaður hennar, Magnús Helgason, séu með aðskilda viðskiptareikninga hjá gerðarþola, hún með reikning nr. 988700, en þangað fari og hafi einatt farið innlegg og aðrar greiðslur tengdar búrekstri í hennar nafni að Múla í Kollafirði allt frá áramótum 1989/1990, hann með reikning nr. 991980 vegna smíðavinnu í þágu gerðarþola. Samkvæmt reikningsyfirliti Magnúsar, dagsettu 30. júní 1996, hafi skuld hans á viðskiptareikningi numið 1.352.745,98 krónum, en reikningnum hafi gerðarþoli lokað um áramót 1994/1995. Útreikninga þessa telji Magnús vera ranga, og eigi hann þvert á móti mun hærri kröfu á hendur gerðarþola vegna vangreiddra launa og vaxta. Er nú rekið sjálfstætt mál fyrir Héraðsdómi Vestfjarða (málið nr. E-158/1996) vegna þeirra lögskipta. Samkvæmt yfirliti gerðarbeiðanda frá 30. júní 1996 eigi gerðarbeiðandi á hinn bóginn inneign á reikningi sínum hjá gerðarþola, að fjárhæð 382.742,61 króna. Gerðarþoli neiti henni hins vegar um úttekt af reikningnum á þeirri forsendu, að eiginmaður hennar sé í fyrrgreindri skuld við gerðarþola.

Reikningi hennar hafi því einnig verið lokað af hálfu gerðarþola og inneignin notuð til greiðslu ætlaðrar skuldar eiginmanns hennar.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því með öllu hafnað, að hjón beri gagnkvæma og sameiginlega ábyrgð á fjárskuldbindingum sínum. Styðjist það við ákvæði VII. kafla hjúskaparlaga nr. 31/1993, en þar sé aðeins kveðið á um gagnkvæma framfærsluskyldu hjóna. Viðskiptareikningur gerðarbeiðanda, sem sé ígildi bankareiknings, hafi verið hennar eigin, ýmist með skuld eða inneign frá árinu 1990, og lögskiptum eiginmanns hennar og gerðarþola með öllu óviðkomandi. Gerðarþola hafi því verið óheimilt að skuldajafna nefndri inneign hennar á móti ætlaðri og umdeildri skuld eiginmanns hennar, sbr. Hrd. 1992, 1197. Vísar gerðarbeiðandi einnig til 67. og 68. gr. nefndra hjúskaparlaga og telur 69. gr. laganna ekki eiga hér við. Réttur gerðarbeiðanda til að heimta umráð inneignar sinnar sé skýr og ótvíræður, og beri því að heimila aðfarargerð á grundvelli 78. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

III.

Gerðarþoli kveður sameiginlega skuld gerðarbeiðanda og Magnúsar, eiginmanns hennar, samkvæmt viðskiptareikningi nema 909.775 krónum miðað við 31. maí 1996. Skuldin sé þannig til komin, að Magnús hafi fyrir nokkru hætt að nota eigin viðskiptareikning í úttektir fyrir heimili hjónanna og stofnað annan reikning í nafni gerðarbeiðanda, þangað sem runnið hafi allt innlegg af búi þeirra að Múla í Kollafirði. Magnús hafi síðan ráðstafað að vild og með vitund gerðarbeiðanda inneign af hinum nýja reikningi í þarfir sameiginlegs heimilishalds þeirra hjóna og rekstrar búins, en á sama tíma sjálfur verið í stórrí skuld samkvæmt eigin reikningi. Miðað við þá notkun Magnúsar á reikningi nr. 988700 beri þau hjónin sameiginlega og gagnkvæma ábyrgð á skuldbindingum sínum gagnvart gerðarþola, og styðjist sú niðurstaða við ákvæði VII. kafla hjúskaparlaga svo og X. kafla sömu laga, einkum 69. gr. laganna. Megi því ljóst vera, að um skilyrði 78. gr. aðfararlaga, sbr. og 83. gr., einkum 3. mgr., sömu laga sé ekki að ræða til að taka til greina aðfararbeiðni gerðarbeiðanda. Beri því lögum samkvæmt að hafna henni.

IV.

Eftir því, sem fram er komið í málinu, stofnaði gerðarbeiðandi sjálfstæðan viðskiptareikning nr. 988700 hjá gerðarþola í ársbyrjun 1990 í tengslum við rekstur lögbýlisins Múla í Kollafirði, sem hún rak í eigin nafni og á eigin skuldaábyrgð. Áður hafði Magnús, eiginmaður hennar, stofnað reikning nr. 991980 í tengslum við eigin vinnu í þágu gerðarþola. Er nú til meðferðar fyrir héraðsdómi ágreiningur milli hans og gerðarþola um stöðu á þeim við-

skiptareikningi og er máli þessu óviðkomandi. Ágreiningur er hins vegar ekki um tilurð og fjárhæð inneignar gerðarbeiðanda á viðskiptareikningi hennar hjá gerðarþola, heldur aðeins, hvort gerðarþola hafi verið, án samþykkis gerðarbeiðanda, heimilt að halda eftir nefndri inneign og nota hana til greiðslu á ætlaðri skuld eiginmanns hennar við gerðarþola. Skipta ákvæði 69. gr. hjúskaparlaga ekki máli í þessu tilliti, heldur aðeins, hvort skilyrði skuldajafnaðar hafi nokkur verið. Með því að ekki hefur verið sýnt fram á, að svo hafi verið, þykir verða að taka kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu til greina.

Samkvæmt framangreindum úrslitum málsins þykir rétt, að gerðarþoli greiði gagnaðila sínum 60.000 krónur í málskostnað.

Það athugast, að sökum embættisanna héraðsdómara hefur uppkvaðning úrskurðar í málinu dregist nokkuð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa gerðarbeiðanda, Ingrid Ísafoldar Oddsdóttur, um innsetningu í umráð 382.742,61 króna inneignar, miðað við 30. júní 1996, á viðskiptareikningi nr. 988700 hjá gerðarþola, Kaupfélagi Króksfjarðar, er tekin til greina. Ber samkvæmt því að færa þá fjárhæð úr umráðum gerðarþola og afhenda lögmanni gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 60.000 krónur í málskostnað.
